

**3412. fundur bæjarráðs, haldinn í Frístundamiðstöðinni Garðavelli,  
16. apríl 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Raket Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2003133 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19**

Staða aðgerða Akraneskaupstaðar vegna Covid-19.

*Bæjarráð samþykkir fyrirkomulag varðandi greiðslufrest fasteignagjalda einstaklinga og fyrirtækja í tengslum við COVID-19 faraldurinn.*

*Áfram verður unnið með skilyrði vegna frestunar á greiðslu gatnagerðargjalda og verður umsóknareyðublað vegna þessa birt á heimasíðu Akraneskaupstaðar eigi síðar en mánudaginn 20. apríl næstkomandi.*

**2. 2001248 - Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga**

Staða verkefna í tengslum við Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar.

*Lagt fram.*

**3. 2004085 - Málefni KFÍA**

Staða Knattspyrnufélags ÍA.

Geir Þorsteinsson framkvæmdastjóri KFÍA og Magnús Guðmundsson formaður KFÍA taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkr framkvæmdastjóra og formanni KFÍA fyrir komuna á fundinn og veittar upplýsingar um stöðu félagsins. Gert er ráð fyrir að málið verði tekið fyrir aftur á næsta fundi ráðsins sem verður miðvikudaginn 22. apríl kl. 08:15.*

**4. 2003118 - Verkefnið "Karlarnir í skúrnum"**

Hörður Sturlusson verkefnastjóri "Karlarnir í skúrnum" í Hafnarfirði ásamt Ágústu Friðriksdóttur og Ursulu Árnadóttur hjá Rauða krossinum koma inn á fund bæjarráð í gegnum fjarfundarbúnað. Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs tekur einnig þátt í fundinum.

*Bæjarráð þakkar Herði Sturlusyni verkefnastjóra fyrir upplýsingar um verkefnið.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra í samvinnu við sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs að vinna málið áfram m.a. með tilliti til kostnaðar og mögulegrar staðsetningar fyrir verkefnið.*

**5. 2004056 - Eigendahlutur Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur**

Stofnun rýnishóps eigenda vegna vinnu við verðmat á Orkuveitu Reykjavíkur en Borgarbyggð hefur óskað eftir mati á áhrifum þess að taka upp samræmda gjaldskrá fyrir fráveitu (og vatnsveitu) á Akranesi, Borgarbyggð og í Reykjavík.

*Bæjarráð samþykkir erindisbréf rýnishópsins og að fulltrúi Akraneskaupstaðar í hópnum verði Jóhann Þórðarson endurskoðandi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:22.**

*Eisa Lára Anna Þóttir.*

*Valgarnir G. Þóðsson*

*Rannveig Snólaug*

*Sau Freyr Þreithan*